

Auglýsing um náttúruvætti

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Dynjandi og aðra fossa Dynjandisá í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra við Dynjandisvog.

Mörk svæðisins eru:

Frá odda Meðalness upp í fjallseggjar og með fjallsbrúnum umhverfis voginn og Dynjandisdal allt að mörkum jarðarinnar Dynjandi í Urðarhlíð og með þeim til sjávar í Deild. Þaðan með sjávarrönd að Meðalnesi.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Í friðunni felst að ekki má skerða vatnsrennsli til fossanna. Gildir þetta einnig utan hins friðlýsta svæðis, að Stóra Eyjavatni og aðrennslissvæði þess undanskildu. Um hugsanlega vatnsmiðlun þar er skylt að hafa samráð við [Umhverfisstofnun].
2. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi [Umhverfisstofnunar].
3. Stefnt skal að verndun kjarlendis á hinu friðlýsta svæði. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um gróðurvernd þar.
4. Umferð um hið friðlýsta svæði er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur er óheimill utan vegar. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um aðgang almenning að svæðinu og dvöl þar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 245/1981 um friðlýsingu Fjallfoss og annarra fossa í Dynjandi í Arnarfirði ásamt umhverfis þeirra í Dynjandisvogi.

Menntamálaráðuneytið, 23. júní 1986.

Sverrir Hermannsson

Runólfur Þórarinnsson